



Deiliskipulag Tjarnarreits, Þingeyri. Umsögn við athugasemdum

Á 464., fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 5 nóvember, 2020, var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Tjarnarreits, Þingeyri. Tillagan, sem sett var fram í greinargerð og á uppdrætti dags. 23. Október 2020 var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga 123/2010 frá 16. janúar, 2021 og var frestur til athugasemda gefinn til 1. mars 2021.

Ein athugasemd barst. Þó ekki á auglýsingatímabili heldur fyrir auglýsingu. Þó skal hún tekin til greina.

Bréf formanns sóknarnefndar Þingeyrarsóknar, Valdimar Eliasson, dags. 19. nóv. 2020.

Sóknarnefnd Þingeyrarkirkju vill koma þeim ábendingum á framfæri að svæðið sem er til hliðar við kirkjugarðinn (næst prestbústaðnum) hefur verið á áætlun til stækkunar á kirkjugarðinum til margra ára. Þingeyrarhreppur hinn forni gaf munnlegt samþykki þess hér á árum áður.

Nú er svo komið að farið er að þrengja að kirkjugarðinum og tímabært að huga að stækkun á honum. Það er því áhyggjuefni okkar ef af þessu skipulagi verður gengið óbreyttu.

Við leggjum það til að kirkjugarðurinn verði stækkaður sem þessu svæði nemur (að götu sem kölluð er Prestsbrekka). Í Lögum um kirkjugarða nr. 36/1994 12. grein kafla IV stendur:

“Skyld er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypiss í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.”

Það verður örugglega mun dýrara fyrir sveitarfélagið að finna kirkjugarðinum annan stað ef ekki verður hægt að stækka hann eins og fyrirhugað hefur verið (en er því miður ekki til á blaði – þar sem um heiðursmannasamkomulag var að ræða fyrir sameiningu árið 1996).

Við vildum því með þessu bréfi koma ábendingu okkar á framfæri áður en framkvæmdir hefjast á Tjarnarreit.

Svar: Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 eru þau ákvæði varðandi Þingeyrarkirkjugarð: „Nægt rými í garðinum út skipulagstímabilið. Takmarkaðir möguleikar til stækkunar garðsins til norðvesturs. Garðurinn er innan hverfisverndarsvæðis H14 og gilda því ákvæði hverfisverndar.“

Ekkert er því til fyrirstöðu að deiliskipulaginu verði breytt á þann hátt sem formaður sóknarnefndar óskar, að stækka kirkjugarðinn að Prestbrekku (Hafnargata).

Skipulagsfulltrúi í samráði við hönnuð deiliskipulagsins, mun ganga frá nauðsynlegum breytingum á uppdrætti og greinargerð áður en endanleg tillaga verður send til

Skipulagsstofnunnar. Ekki er talið að auglýsa þurfi tillöguna aftur þar sem um óverulega breytingu er að ræða.